

og setur sjávarútvegsráðuneytið reglur um nánari framkvæmd á ákvæðum greinar þessarar.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. Ákvæði c-liðar 2. gr. skal eigi taka gildi fyrr en 1. október 1975 og ná til afurða, sem framleiddar eru eftir þann tíma.
2. Stjórn Verðjöfnunarsjóðs er heimilt að greiða framleiðendum loðnumjöls upp í verðbætur, sbr. 6. gr. laga nr. 72/1969, vegna birgða loðnumjöls frá loðnuvertið 1975, sem ekki hafa verið fluttar út. Sjóðsstjórnin setur reglur um greiðslur þessar, að fengnu samþykki ráðherra.
3. Ákvæði b-liðar 1. mgr. 2. gr. laga nr. 2 13. febrúar 1975, um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu, um 20% frádrátt vegna gengismunar, skulu taka til afurða framleiddra úr loðnu, sem landað hefur verið fyrir 16. febrúar 1975. Sjávarútvegsráðuneytið skal setja reglur um framkvæmd þessa liðar, þar sem m.a. verði kveðið á um hvernig meta skuli það afurðamagn, sem framleitt hefur verið úr hráefnisbirgðum loðnuverksmiðja eins og þær voru um miðnætti 15. febrúar 1975.
4. Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. lögum nr. 19/1973 og a-lið 2. gr. þessara laga af saltsíld og saltsíldarflökum, sem framleidd er á árinu 1975.
5. Heimilt er að endurgreiða útflutningsgjald skv. b-lið 2. gr. að hluta eða öllu leyti af þurrkuðum saltfiski, þ.á.m. af þurrkuðum saltufsa.

Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 57 27. apríl 1973, um atvinnuleysis-
tryggingar (fæðingarorlof).

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 5. mgr. d-liðar 15. gr. laganna komi nýr málsl., svo hljóðandi: Þó skulu þær konur, sem forfallast frá vinnu vegna barnsburðar, njóta atvinnuleysisbóta í 90 daga samtals.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1976.

Ákvæði til bráðabirgða.

Fyrir 1. janúar 1976 skal ríkisstjórnin láta kanna á hvern máta megi veita öllum konum í landinu sambærilegt fæðingarorlof og tryggja tekjustofn í því skyni.

Gjört í Reykjavík 27. maí 1975.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Gunnar Thoroddsen.